# Félagsmiðstöðin Ekkó

KÁRSNESSKÓLI

Starfsáætlun | 2023-2024 | Höfundur: Jóhanna Aradóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

Efnisyfirlit

**Hagnýtar upplýsingar ... 3**
Opnunartímar Ekkó eru: ... 3
**Félagsmiðstöðvardagatal ... 3**
**Starfið í vetur ... 4**
**Viðburðir í vetur ... 5**
**Hópastarf ... 5**
Hinsegin klúbbur Ekkó ... 5
Klúbbar ... 5
Sértækt hópastarf ... 5
Velkomin ... 5
Félkó – miðstöðin ... 6
**Sumaropnanir Ekkó ... 6**
**Barna- og unglingaráð ... 6**
**Foreldrasamstarf ... 7**
**Verkefni tengd Menntastefnu Kópavogsbæjar ... 7**
**Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir ... 7**
**Innra og ytra mat ... 8**
**Símenntunaráætlun ... 8**
**Fjöldatölur ... 10**
**Starfsfólk ... 10**

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

## Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Ekkó er fyrir nemendur í Kársnesskóla frá 5. – 10. bekk.. Ekkó er staðsett í Kársnesskóla við Kópavogsbraut 57, símanúmer Ekkó er 441-4630 og símanúmer forstöðumanns er 696-1620. Forstöðumaður Ekkó er Jóhanna Aradóttir en hún leysir Maríönnu Wathne Kristjánsdóttur sem er í fæðingarorlofi. Netfang forstöðumanns er: johanna.aradottir@kopavogur.is

Nemendafjöldi á unglingastig 8. – 10. bekk eru  219 nemendur og á miðstigi 5. – 7. bekk eru 204 nemendur. Heildarfjöldi einstaklinga sem Ekkó þjónustar í vetur eru 423 nemendur, en nemendafjöldi hefur verið að aukist síðastliðin ár.

### Opnunartímar Ekkó eru:

Hefðbundin opnunartími er á mánudögum og miðvikudögum frá kl. 17:00 - 18:30 og 19:30 - 22:00 og annan hvern föstudag frá kl: 19.30-23:00. Einnig er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir fyrir utan hefðbundinn opnunartíma í félagsmiðstöðinni. Opnunartímar á daginn er í samráði og samstarfi við skólann.

## Félagsmiðstöðvardagatal

Nafn skóla: Frístundadeild Kópavogsbæjar

### Félagsmiðstöðvadagatal 2023 - 2024

| JÚLÍ '24 | | SEPTEMBER | | OKTÓBER | | NÓVEMBER | | DESEMBER | | JANÚAR | | FEBRÚAR | | MARS | | APRÍL | | MAÍ | | JÚNÍ | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 M | | 1 F | Opið | 1 S | | 1 M | Nordic Youth Month / Stuttmyndasmiðja | 1 F | | 1 M | Nýársdagur | 1 F | | 1 F | Opið - Skíðaferð Félkó | 1 M | Annar í Páskum | 1 M | Verkalýðsdagurinn | 1 L | |
| 2 Þ | | 2 L | | 2 M | Forvarnarvika - allar féló Starfsmannafræðsla | 2 F | | 2 L | | 2 Þ | Litli forstöðumannafundur / Molinn | 2 F | Nýársball - Pegasus | 2 L | Skíðaferð Félkó | 2 Þ | Forstöðumannafundur | 2 F | | 2 S | |
| 3 M | | 3 S | | 3 Þ | Forstöðumannafundur | 3 F | | 3 S | | 3 M | | 3 L | | 3 S | Skíðaferð Félkó | 3 M | Skráning í söngkeppni Samfés hefst | 3 F | Samfestingurinn / færð vakt | 3 M | Sumaropnun félagsmiðstöðva hefst |
| 4 F | | 4 M | | 4 M | Forvarnarvika - Fönix | 4 L | | 4 M | | 4 F | | 4 S | | 4 M | Starfsmannafræðsla | 4 F | | 4 L | Söngkeppni Samfés | 4 Þ | |
| 5 F | | 5 Þ | Forstöðumannafundur | 5 F | | 5 S | | 5 Þ | Litli forstöðumannafundur / Igló | 5 F | Samfés-Con / Opið | 5 M | Starfsmannafræðsla Vika 6 | 5 Þ | Forstöðumannafundur | 5 F | | 5 S | | 5 M | |
| 6 L | | 6 M | | 6 F | Auka föstudags opnun - Landsmót Samfés | 6 M | Starfsmannafræðsla | 6 M | | 6 L | Þrettándinn | 6 Þ | Forstöðumannafundur | 6 M | | 6 L | | 6 M | | 6 F | |
| 7 S | | 7 F | | 7 L | Landsmót Samfés | 7 Þ | Litli forstöðumannafundur / Ekkó | 7 F | | 7 S | | 7 M | Vika 6 | 7 F | | 7 S | | 7 Þ | Litli forstöðumannafundur / Pegasus | 7 F | |
| 8 M | | 8 F | | 8 S | Landsmót Samfés | 8 M | Baráttudagur gegn einelti / Stuttmyndasmiðja | 8 F | Jólaball - Dimma | 8 M | Starfsmannafræðsla | 8 F | | 8 F | | 8 M | | 8 M | Skipulagsdagur hlutastarfsmanna | 8 L | |
| 9 Þ | | 9 L | | 9 M | Molavika | 9 F | | 9 L | | 9 Þ | Forstöðumannafundur | 9 F | | 9 L | | 9 Þ | Litli forstöðumannafundur / Kjarninn | 9 F | Uppstigningardagur | 9 S | |
| 10 M | | 10 S | | 10 Þ | Litli forstöðumannafundur / Jemen | 10 F | Rafíþróttamót Félkó - Fönix | 10 S | | 10 M | | 10 L | Tvenndó | 10 S | | 10 M | | 10 F | Vakt færð til 3.maí | 10 M | |
| 11 F | | 11 M | | 11 M | Molavika | 11 L | | 11 M | | 11 F | | 11 S | | 11 M | | 11 F | | 11 L | | 11 Þ | |
| 12 F | | 12 Þ | | 12 F | | 12 S | | 12 Þ | Forstöðumannafundur | 12 F | | 12 M | Bolludagur | 12 Þ | Litli forstöðumannafundur / Þeba | 12 F | Opið | 12 S | | 12 M | |
| 13 L | | 13 M | | 13 F | Opið | 13 M | | 13 M | | 13 L | | 13 Þ | Litli forstöðumannafundur / Fönix | 13 M | | 13 L | | 13 M | | 13 F | |
| 14 S | | 14 F | Starfsdagar Samfés | 14 L | | 14 Þ | Forstöðumannafundur | 14 F | | 14 S | | 14 M | Söngkeppni Félkó / Öskudagur | 14 F | | 14 S | | 14 Þ | Forstöðumannafundur | 14 F | |
| 15 M | | 15 F | Starfsdagar Samfés / Opið | 15 S | | 15 M | Stuttmyndahátíð Félkó - Salurinn | 15 F | | 15 M | | 15 F | | 15 F | Rafíþróttamót Samfés og Elko / Opið | 15 M | | 15 M | | 15 L | |
| 16 Þ | | 16 L | | 16 M | Félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavika | 16 F | | 16 L | | 16 Þ | Litli forstöðumannafundur / Dimma | 16 F | Landsþing Samfés+ / Opið | 16 L | Rafíþróttamót Samfés og Elko | 16 Þ | Forstöðumannafundur | 16 F | | 16 S | |
| 17 M | | 17 S | | 17 Þ | Forstöðumannafundur | 17 F | Auka föstudags opnun - Rímnaflæði | 17 S | | 17 M | | 17 L | Landsþing Samfés+ | 17 S | | 17 M | | 17 F | | 17 M | Lýðveldisdagurinn |
| 18 F | | 18 M | | 18 M | Stuttmyndasmiðja | 18 L | | 18 M | | 18 F | | 18 S | Landsþing Samfés+ | 18 M | | 18 F | Aðalfundur Samfés | 18 L | | 18 Þ | |
| 19 F | | 19 Þ | Forstöðumannafundur | 19 F | | 19 S | | 19 Þ | Litli forstöðumannafundur / Pegasus | 19 F | Danskeppni Samfés / opið | 19 M | Vetrarfrí | 19 Þ | Forstöðumannafundur | 19 F | Aðalfundur Samfés | 19 S | Hvítasunnudagur | 19 M | |
| | ÁGÚST '23 | 20 M | | 20 F | | 20 M | Dagur mannréttinda barna | 20 M | Jólaskemmtanir | 20 L | Stíll Samfés | 20 Þ | Vetrarfrí / Forstöðumannafundur | 20 M | | 20 L | | 20 M | Annar í Hvítasunnu | 20 F | |
| 21 M | Starfsmannafundir - hver á hverjum stað | 21 F | | 21 L | | 21 Þ | Litli forstöðumannafundur / Kjarninn | 21 F | | 21 S | | 21 M | | 21 F | | 21 S | | 21 Þ | Litli forstöðumannafundur / Molinn | 21 F | |
| 22 Þ | | 22 F | | 22 S | | 22 M | | 22 F | Opið | 22 M | | 22 F | | 22 F | | 22 M | | 22 M | | 22 L | |
| 23 M | Velkomin til starfa / Skólasetning | 23 L | | 23 M | | 23 F | | 23 L | Þorláksmessa | 23 Þ | Forstöðumannafundur | 23 F | | 23 L | | 23 Þ | Litli forstöðumannafundur / Igló | 23 F | | 23 S | |
| 24 F | | 24 S | | 24 Þ | Litli forstöðumannafundur / Þeba | 24 F | Nordic Youth Summit í Hörpu Opið | 24 S | Aðfangadagur jóla | 24 M | | 24 L | | 24 S | Pálmasunnudagur | 24 M | | 24 F | Vakt færð til 31.maí | 24 M | |
| 25 F | Velkomin til starfa | 25 M | | 25 M | Stuttmyndasmiðja | 25 L | Nordic Youth Summit í Hörpu / Jólahlaðborð | 25 M | Jóladagur | 25 F | | 25 S | | 25 M | | 25 F | Sumardagurinn fyrsti | 25 L | | 25 Þ | |
| 26 L | | 26 Þ | Litli forstöðumannafundur / Fönix | 26 F | Vetrarfrí | 26 S | | 26 Þ | Annar í jólum | 26 F | | 26 M | | 26 Þ | Litli forstöðumannafundur / Ekkó | 26 F | Opið | 26 S | | 26 M | Félkó Útilega |
| 27 S | | 27 M | ÍTK - Fífan | 27 F | Vetrarfrí / Rafíþróttamót Samfés og Elko / Opið | 27 M | | 27 M | | 27 L | | 27 Þ | Litli forstöðumannafundur / Jemen | 27 M | | 27 L | | 27 M | | 27 F | |
| 28 M | Fyrsta opnun vetrar | 28 F | | 28 L | Rafíþróttamót Samfés og Elko | 28 Þ | Forstöðumannafundur | 28 F | | 28 S | | 28 M | | 28 F | Skírdagur | 28 S | | 28 Þ | Forstöðumannafundur | 28 F | |
| 29 Þ | Litli forstöðumannafundur / Dimma | 29 F | ÍTK - Ekkó - Ball - Þeba | 29 S | | 29 M | | 29 F | | 29 M | Getkó - tbd | 29 F | | 29 F | Föstudagurinn langi | 29 M | | 29 M | | 29 L | |
| 30 M | | 30 L | | 30 M | | 30 F | | 30 L | | 30 Þ | Litli forstöðumannafundur / Kúlan | | | 30 L | | 30 Þ | Forstöðumannafundur | 30 F | | 30 S | |
| 31 F | | | | 31 Þ | Forstöðumannafundur | | | 31 S | Gamlársdagur | 31 M | Getkó - tbd | | | 31 S | Páskadagur | | | 31 F | Félkó hátíð - færð vakt | | |

Föstudagsopnanir eru annan hvern föstudag, með fyrirvara um breytingar. Færðar opnanir í maí.
Blár - Félkó viðburðir. Appelsínugulur - Samfés viðburðir. Dökkgrænn - vetrarfrí. Fjólublár - föstudagsopnanir. Ljósgrænn - frídagar í skólum. Rauður - fundir.
Vantar: Hinsegin opnanir og aðra klúbba

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08 2026

## Starfið í vetur

Við í Ekkó viljum skapa öruggt og skemmtilegt umhverfi sem að unglingunum okkar líður vel í. Við reynum eftir okkar bestu getu að hlusta á raddir barnanna og finna út hvað þeim finnst spennandi og áhugavert.

**Okkar markmið á starfsárinu:**

- Taka vel á móti öllum og veita öruggt umhverfi hjá okkur.
- Halda áfram góðu upplýsingarflæði til allra.
- Halda áfram að fylgjast vel með mætingarlistum.
    - Minna þau sem eru að mæta á að skrá sig alltaf á listann.
    - Kynna fyrir bæði hópnum okkar og foreldrum að mætingin hefur áhrif á þátttöku á viðburði þar sem eru fjöldatakmarkanir.
    - Skoða mætingarlistann til að greina hverjir eru að mæta og hverjir ekki, og hvernig við getum mætt þessum hóp best.
- Að auka þátttöku í öðrum Samfés og Félkó viðburðum öðrum en böllum. Áherslan er á að kynna fyrir þeim sérstaklega viðburði eins og Rímnaflæði, Stíl, danskeppni og fleiri viðburði. Það verður gert með því að leggja áherslu á að kynna þessa viðburði sérstaklega bæði fyrir öllum hópnum ásamt foreldrum, og eins með því að skoða vel unglingahópinn okkar og fara sérstaklega í að kynna það fyrir einstaklingum sem við teljum að gætu haft áhuga.
- Prófa okkur áfram með aukið klúbbastarf með því að vera með sérstakar klúbbaopnanir. Draumurinn er að vera með sem flesta klúbba á sama tíma og að hugmyndirnar að klúbbunum komi frá börnunum sjálfum, en við erum samt meðvituð um það að við getum þurft að vera með klúbba á öðrum tímum til að ná til hópsins sem við erum að reyna ná til.
- Virkja hópinn meira til að taka þátt í því sem við erum að gera og að fleiri en bara nemendaráðið verði sýnilegir þátttakendur í því sem við erum að gera. Fyrsta verkefnið er þegar á lokametrunum en það er að standa að hönnunarsamkeppni á Ekkó peysum. Við fengum fullt af hugmyndum sem við erum að fara yfir og tilkynnt í framhaldi hvaða hugmynd bar sigur úr býtum.

Samstarf Ekkó við Kársnesskóla gengur mjög vel og samstarf við alla starfsmenn skólans er mjög gott. Í samráði við skólastjórnendur erum við með opið á skólatíma, höldum reglulega samráðsfundi um líðan nemenda og skipulagningu sameiginlegra viðburða. Samstarf við aðra starfsmenn skólans hefur líka verið mjög gott.

**Miðstigsstarf:** Opnanir eru einu sinni í mánuði fyrir 5., 6., og 7.bekk í sitthvoru lagi. Þetta er gert til að mæta hópnum öllum því mæting á miðstigopnanir hefur verið mjög góð, og við viljum heldur ná betri tengingu við þau á hverri opnun heldur en að vera bara gæslu eins og þegar fjöldinn er mikill.

**Valáfanga:** Nemendaráð Ekkó og Kársnesskóla hefur verið samstarfsverkefni milli Ekkó og Kársnesskóla, en það verkefni er leitt af Ekkó. Draumurinn er að koma upp valáföngum í samstarfi við skólann og er það samtal sem við munum eiga við skólann í vor.

Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

# Viðburðir í vetur

**Viðburðir á vegum Ekkó:** Vökukvöld 8.bekkjar, Andvökunótt 10. bekkjar, Ekkó leikarnir, Sumarhátíð, Dodgeball mót, Kökukeppni.

**Sameiginlegir FÉLKÓ viðburðir:** Íþróttaleikar ÍTK, Forvarnarvika, Lan, Stuttmyndahátíð Kópavogs, Söngkeppni, Getkó, Skíðaferð og Félkóhátíð.

**Viðburðir í samvinnu við skólann:** Jólaball og árshátíð unglingadeildar eru á hverju ári haldið sameiginlega af Kársnesskóla og Ekkó.

**Viðburðir í samvinnu við Samfés:** Rafíþróttamót Samfés og Hönnunarkeppnin Stíll hafa verið unnin í samvinnu milli Samfés og félagsmiðstöðva í Kópavogi.

# Hópastarf

## Hinsegin klúbbur Ekkó

Starf í hinsegin klúbbi Ekkó hefur verið meira í Félkó-miðstöðinni þar sem verið var að koma upp sameiginlegu hinsegin starfi þar, en upphaf sameiginlega starfsins hefur verið leitt af Ekkó. Samstarf hefur verið bæði við Hafnarfjörð og Reykjavík og búið er að koma upp sameiginlegum vettvangi starfsmanna í hinsegin félagsmiðstöðvum, en þær hafa verið að opna bæði í fleiri hverfum Reykjavíkur og eins um allt land. Stefnan er að byrja aftur með hinsegin opnanir í Ekkó í hinsegin klúbbi og að það að starfið í Félkómiðstöðinni verði til viðbótar við okkar starf í Ekkó.

## Klúbbar

Eins og kom fram í markmiðum erum við að prófa okkar áfram með meira klúbbastarfs. D&D starf er nú þegar hafið. Við höfum reglulega verið með t.d. matarklúbb en núna erum við að reyna koma meira skipulagi á það starf með því að fara að stað með klúbbaopnanir og leitað verður eftir hugmyndum frá unglingunum með hvaða klúbba þau myndu vilja vera með. Fyrsti hópur sem fer af stað verður dj – hópur, en markmiðið er að unglingar frá okkur geti séð að hluta til um að dj-aá viðburðum hjá okkur. Bæði að þau fái reynslu af því að nota svona græjur og eins verði örugg að búa sér til lista og lesa hópinn sem þau eru að skemmta.

## Sértækt hópastarf

Við erum að fara aftur á stað með hóp sem við voru með í sértæku starfi í sumar og hugmyndin er að reyna stækka hann aðeins að hluta, samt þannig að grunnkjarni hópsins líði áfram vel og vilji áfram taka þátt. En það er búið að vera á stefnuskránni að halda áfram því starfi frá því í haust. Við erum einnig að skoða og meta aðra hópa og að forgangaraða hvaða hópa við viljum byrja með.

## Velkomin

Velkomin er verkefni sem hefur verið vel sótt af okkar nemendum. Okkur langar að vinna betur með í okkar skóla sem viðbót við sameiginlega starfið, en við erum búin að vera aðeins í samstarfi við ÍSAT kennara í okkar skóla varðandi að hvetja þann hóp til að taka betur þátt í starfi bæði hjá okkur og í sameiginlegu Velkomin starfi.

## Félkó – miðstöðin

Félkó miðstöðin er miðlæg félagsmiðstöð ætluð öllum 9 félagsmiðstöðvum Kópavogs, en aðrar stofnanir frístundadeildar Hrafninn, Molinn og Höfuð-Borgin hafa einnig aðgengi að aðstöðunni. Félkó miðstöðin býður upp á margskonar aðstöðu sem hentar bæði hópum og einstaklingum að koma í með



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

starfsfólki félagsmiðstöðvanna. Hinsegin félagsmiðstöðin er til dæmis með fasta viðveru í Félkó-miðstöðinni sem ætluð er öllum unglingum í Kópavogi, en einnig er gott samstarf við Hinsegin félagsmiðstöð í Hafnarfirði og í Reykjavík sem eru velkomin á þær opnanirnar. Unnið er að koma á Velkomin opnanir, þar sem tekið er sérsaklega á mót nemendum með annað móðurmál en íslensku. Velkomin miðar að því að hvetja börn með einstaklingsbundum hætti til þátttöku í samfélaginu í gegnum íþrótta- og frístundastarf og þannig virkja og valdefla þau og hjálpa til við aðlögun þeirra inn í skóla, íþrótta- og frístundastarf og samfélagið allt. Þátttaka barna í **Velkomin** fer fram með skipulögðu hópastarfi, vettvangsheimsóknum og annarri uppbyggilegri afþreyingu, í skemmtilegu, jákvæðu og öruggu umhverfi. Í Félkó miðstöðinni má m.a. finna rafíþróttaver, listasmiðju þar sem má finna saumavélar, þrívíddaprentara, prjóna- og föndurvörur, og annað efni til listsköpunar. Í sama rými er einnig aðgengilegt borð- og hlutverkspila búnaður. Félagsmiðstöðvarnar og aðrar stofnanir frístundadeildar geta allar skráð sig í viðeigandi aðstöðu. Frá og með áramótum þegar Félkó-miðstöðin fór af stað hefur þetta gengið vonum framar, en unglingar úr öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs hafa komið og nýtt sér aðstöðuna sem og hefur aðstaðan sömuleiðis nýst Höfuð-Borginni sem er með aðstöðu í sama húsnæði og er þjónusta ætluð ungu fólki 16-20 ára með fötlun.

Unglingar frá okkur hafa verið að nýta sér opnanirnar í Félkó – miðstöðinni og í Velkomin opnunum. Við eigum ungmenni sem sækja reglulega D&D starf, hinsegin starf og starf í Velkomin. En það er eitt af því sem við erum að kynna líka reglulega hjá ykkur og alltaf að benda okkar hóp á að geta sótt þetta starf í viðbót við okkar starf. Eins erum við alltaf að skoða hvort að það séu einhverjir unglingar sem eru ekki að sækja starf hjá okkur, og koma auga á hvort að starfið sem er í Félkó miðstöðinni gæti hentað þeim.

## Sumaropnanir Ekkó

Sumaropnanir Ekkó eru í raun tvískiptar. Annars vegar smiðjur fyrir miðstigið og hins vegar starf fyrir unglingastigið á daginn og kvöldin. Miðstigssmiðjurnar síðasta sumar gengu mjög vel og við gerum ráð fyrir að halda því starfi áfram og þróa það áfram. Smiðjurnar voru mjög vel sóttar og þurfum við að skoða hvernig við getum mætt því þegar smiðjur verða fullar og fleiri vilja taka þátt í þeim heldur en pláss er fyrir, og hvort að hægt væri að vera með tímasetningar þar sem hægt væri að setja inn aukasmiðjur ef margir sækja í þær smiðjur sem fyrir eru.  Huga þarf bæði að húsnæðismálum og starfsmannafjölda hvernig best er að vera með starfið næsta sumar. Sumarið er líka tími framkvæmda í skólahúsnæði og því þarf að skipuleggja mjög vel hvaða hluta af húsnæði er hægt að nýta í sumarfríi skólans.. Opnanir fyrir unglinganna voru nánast bara á kvöldin þar sem húsnæðið síðasta sumar bauð ekki upp á mikið meiri pláss vegna framkvæmda. Skoða þarf sérstaklega hvort að hægt verið að mæta betur unglingahópnum næsta sumar ásamt því að vera með smiðjur fyrir miðstigið, þá sérstaklega 8. bekk sem var ekki að vinna nema hálfan daginn og eins 9. bekk sem var ekki að vinna alla daga í Vinnuskólanum.

## Barna- og unglingaráð

**Nemendaráð:** í nemendaráði Ekkó og Kársnesskóla sitja í vetur samtals 15 nemendur (5 úr hverjum árgangi unglingastigs). Fundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í viku í klst í senn. En nemendaráðið skipuleggur með starfsmönnum dagskrá Ekkó og er einnig skipuleggja þau ákveðna viðburði í Ekkó, en verið er að auka virkni hjá nemendaráðinu í að skipuleggja og undirbúa viðburði með stuðningi og aðstoð starfsmanna Ekkó.



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

**Miðstigsráð:** Við í Ekkó höfum ekki verið með miðstigsráð, en stefnan er að stofna sérstakt miðstigráð þar sem krakkar af miðstigi gætu komið meira að skipulagi á sínu starfi.

**Ungmennaráð Samfés:** Einn nemandi hlaut kjör í ungmennaráð Samfés í vetur til tveggja ára og er því annar tveggja fulltrúa frá Kópavogi. Fundarhald er alfarið á vegum Samfés.

**Félkóráð:** Tveir fulltrúar úr nemendaráði Ekkó eru fulltrúar nemendaráði Ekkó í Félkó-ráðinu. Hver félagsmiðstöð skipar tvo fulltrúa í ráðið. Umsjónarmenn eru þrír af 78% starfsmönnum félagsmiðstöðvanna, en gert er ráð fyrir því að Félkóráðið verði með fasta fundartíma í vetur að jafnaði einu sinni í mánuði.

**Ungmennaráð:** Umsjón með Ungmennaráði Kópavogsbæjar hafa Amanda K. deildastjóri og Áslaug verkefnastjóri. Fundir eru cirka einu sinni í mánuði og er einn fulltrúi frá hverjum skóla/félagsmiðstöð sem fær að taka þátt.

## Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra hefur verið að aukast og fleiri foreldrar eru í meira samtali við okkur. Síðasta vetur hittum við foreldrafélagið á fundi og var mjög gott að geta kynnt starfið fyrir þeim og hvað við erum að gera. Eins hefur verið árangur á því að foreldrar á foreldrarölti hafa verið að kíkja við hjá okkur á opnunartímum hjá okkur. Á félagsmiðstöðvadaginn sem haldinn er hátíðlegur í byrjun nóvember ár hvert, þar sem félagsmiðstöðvarinnar bjóða gestum og gangandi að kynnast starfi félagsmiðstöðva, var ánægjulegt að sjá hversu margir foreldrar mættu. Við leggjum mikið upp úr því að upplýsa foreldra um starfið okkar. Foreldrar fá senda dagskrá og upplýsingar um það helsta í gegnum Mentor, en viðhöfum líka lagt okkur fram við að benda þeim á að fylgjast með Instagram síðunni okkar til að sjá hvað er um að,til að auka sýnileika okkar hjá foreldrum. Gaman hefur verið að sjá að foreldrar eru að nýja sér það í auknum mæli.

## Verkefni tengd aðgerðaráætlun Menntastefnu Kópavogsbæjar

- Auka þátttöku einstaklinga og hópa í sértæku hópastarfi í félagsmiðstöðum í öllum grunnskólum í Kópavogi, með það að markmiði að bæta andlega líðan, félagsfærni, sjálfsöryggi og samhygð.
- Gera mælingar til meta árangur af starfi sértæks hópastarfs í félagsmiðstöðvum Kópavogs.
- Efla þátttöku barna og unglinga með fjölbreyttar þarfir og ólíkan bakgrunn í skipulögðu frístunda- og íþróttastarfi. Sérstök áhersla er á vinnu með börnum með fötlun, með annað móðurmál en íslensku og börnum sem búa við bágar félagslegar aðstæður.

## Verkferlar sem félagsmiðstöðin vinnur eftir

- Allir verkferlar frístundadeildar
  Í þeim má finna verkferla fyrir; undirbúning viðburða, framkvæmd viðburða, ferðir (stuttar og langar), útivaktir, atvikaskráningu, einstaklingssamtöl, samskipti við foreldra, minniháttar hegðunarfrávik, alvarleg hegðunarfrávik, smávægilegir áverkar, alvarleg slys og tilkynningar til barnaverndar.
- Móttaka nýrra starfsmanna
- Öryggisgátlisti



Skjal sótt af '00000000' dags: 19.08 2026

- Gátlistar í sértæku hópastarfi
- Handbók um starfið
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)

## Innra mat

Við innra mat erum við dugleg að eiga samtöl saman starfsfólkið í félagsmiðstöðinni, við rýnum opnanir og viðburði og förum bæði yfir hvað gekk vel og hvað má betur eftir hverja opnun. Við erum líka í góðu samtali bæði við nemendaráð og eins aðra nemendur og foreldrahópinn. Við hvetjum foreldra til að vera í sambandi við okkur varðandi bæði hvað við erum að gera vel og hvað þarf að bæta.

Mætingartölur er líka það sem við skoðum vel og við getum notið til hliðsjónar af því hvernig gengur, þó að það sé kannski ekki alltaf besta matið á gæðastarfi þá gefur það okkur innsýn í starfið.

Niðurstöður frá Rannsókn og greiningu eru okkur líka mikilvægar, því þær sýna okkur breytingar frá ári til árs hvernig hópurinn þróast bæði varðandi líðan hópsins og eins varðandi forvarnir. Með niðurstöður R&G náum við að fylgjast vel með t.d. neyslu unglinga tengt vímuefnum, andlegri líðan, líkamlega heilsu, þátttöku í félagsmiðstöðvastarfi og svefnheilsu. Með þessu fáum við mikilvægar upplýsingar um hvers konar forvarnarstarf við vinnum hverju sinni.

Mælingar á starfinu og sértæku hópastarfi er einnig nýr þáttur sem við sjáum að við getum nýtt okkur vel í starfinu, og hlökkum við mikið til að sjá áframhaldandi þróun á þeim mælingum.

## Ytra mat

Ytra mat er framkvæmt af utanaðkomandi aðila, og er það deildarstjóri frístundadeildar sem ákveður hvaða félagsmiðstöð fer í ytra mat ár hvert. Matið byggir á vettvangsheimsóknum, viðtölum við stjórnendur, starfsfólk og unglinga sem félagsmiðstöðina sækja. Markmið matsins er að það sé leiðbeinandi og geti aðstoðað stjórnendur og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að vinna að framförum og umbótum, auk þess að hlúa að því sem vel er gert.

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

## Símenntunaráætlun

### Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2023-2024

| Dagsetning: | Heiti og lýsing | Stutt lýsing | Staðsetning: | Umsjón/Leiðbeinandi: |
|---|---|---|---|---|
| 23. ágúst<br>Kl 17.00-22.00 | Velkomin til starfa!<br>Kennsla fyrir starfsmenn | Kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.<br>*Böll*<br>*Útivaktir*<br>*Sértækt hópastarf*<br>*Nýir starfsmenn*<br>*Tilkynning til barnaverndar*<br>*Frítundadeild* | Smáraskóli | Forstöðumenn félagsmiðstöðva |
| 25.ágúst<br><br>Kl. 19.00-20.00 | Velkomin til starfa! | Hópeflis æfingar fyrir starfsmenn og gleði ☺ | Gufunesbær | Forstöðumenn félagsmiðstöðva og ST-URTAN |
| ? | Skyndihjálp. | Skyndihjálp | Fræðsluvefur Kópavogsbær | Mannauðsdeild Kópavogsbæjar |
| 2. október<br>Kl. 17.00-19:00 | Hinsegin fræðsla-Hinsegin vika í tengslum við Forvarnarvikuna | Fyrir starfsfólk frístundadeildar | Fönix | Samtökin 78 |
| 6.nóvember kl. 17.00-18.30 | Verkfærakistu-Dagur<br>Spilasmiðja<br>Brjóstsykursgerð<br>Föndur<br>D&D | Fyrir starfsfólk frístundadeildar | Félkó-miðstöðin | Forstöðumenn skipta með sér smiðjum |
| 4.desember | Fræðsla-Farsældarlöging | Fyrir stjórnendur og starfsfólk frístundadeildar | Þeba | Sólveig Norðfjörð í innleiðingarteymi farsældarlaga á menntasviði |
| 8.janúar kl. 17.00-19.00 | Sjálfsvarnar-námskeið | Sjálfsvörn | Íþróttahúsið Digranesi | Jón Viðar Sporthúsið |
| 25.janúar kl. 10.00-11.00 | Stjórnendafræðsla. | Árangur í teymisvinnu | Fannborg 2, fundarherbergi Völlur | Ragnheiður Aradóttir |
| 5. og 7.febrúar kl. 17.00-22.00 | Vika 6 | Kynfræðsla fyrir unglinga | Allar starfsstöðvar | Kolbrún jafnréttisfulltrúi Rvk borgar og Samfés |
| 4.mars kl. 17.00-19.00 | Verkfærakistu-dagur. | Læra hvert af öðru samhliða kynningum á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og öðru. | Félkó-miðstöðin | Allir starfsmenn |

| Fræðsluerindi | Mánuður |
|---|---|
| Forvarnarvikan | Október |
| Fjölmenning | Nóvember |
| Hinsegin málefni | Janúar |
| Kynfræðsla-Vika 6 | Febrúar |
| Sjúkást/Unglingar gegn ofbeldi/Samfestingur | Maí |



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026

## Fjöldatölur

Mæting Ekkó 2022 - 2023

| | |
|---|---|
| September | 1420 |
| Október | 1560 |
| Nóvember | 1851 |
| Desember | 856 |
| Janúar | 1429 |
| Febrúar | 1046 |
| Mars | 1743 |
| Apríl | 910 |
| Maí | 724 |
| Júní | 117 |
| Júlí | 47 |

## Starfsfólk

**Jóhanna Aradóttir,** Forstöðumaður í 100% starfi.

**Aron Rafn Gissurarson.** Frístundaleiðbeinandi I í 78% starfi.

**Darri Gunnarsson.** Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi.

**Elín Unnur Guðmundsdóttir**. Frístundaleiðbeinandi I í 39% starfi.

**Rebekka Þurý Pétursdóttir.** Frístundaleiðbeinandi II í 39% starfi.

**Tinna Rún Rúnarsdóttir.** Frístundaleiðbeinandi I í 29% starfi.

**Maríanna Wathne Kristjánsdóttir.** Forstöðumaður í 100% starfi í fæðingarorlofi.

Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08 2026